

Mál nr. 367/2019**M og
V vegna frítímaslysaftryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 14. apríl 2018.****Gögn.**

Málskot M, móttækið 18. október 2019, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Bréf V, dags. 6. nóvember 2019.

Bréf M, dags. 11. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu Þ að hann hafi verið að labba upp Laugarveginn og að A hafi verið búinn að labba meðfram honum í um það bil mínútu þegar A reyndi að stofna til slagsmála. Kvaðst Þ ekki hafa haft áhuga á því og reynt koma sér undan. A hafi þá reynt að klæða Þ úr skónum. Þ hafi þá spurt A hvað gengi að honum en A hafi svarað á ensku. Um svipað leyti hafi bifreiðinni B verið ekið framhjá og A hoppað ofan á bifreiðina. M, ökumaður bifreiðarinnar hafi þá komið út úr bifreiðinni. Í kjölfarið hafi A veist að M og slegið hann en M varið sig og tekið A niður í jörðina. Þ kveðst þá hafa aðstoðað M við að halda A þar til að lögregla kom á vettvang.

Samkvæmt framburði M af vettvangi var hann að aka niður Laugaveginn þegar A stökk fyrir bifreið sína og baðaði út höndunum. Hann hafi því stöðvað bifreiðina og A hefði svo stokkið upp á húddið á bifreiðinni og gengið yfir bifreiðina. Kvaðst M hafa farið út úr bifreiðinni og reynt að ræða við A og ýta honum frá bifreið sinni. A hafi þá kýlt sig í vinstra gagnaugað og vinstra eyrað. Í kjölfarið kveðst M hafa tekið hann A tökum og haldið honum niðri þar til lögregla kom á vettvang.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysaftryggingu sem hann hefur í gildi hjá V vegna líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að M hafi orðið fyrir tjóninu með þátttöku í handalögmálum en slys sem verður við slíkar aðstæður sé ekki bótaskyldt úr slysaftryggingunni skv. vátryggingarskilmálanum.

Álit.

Ágreiningur er um túlkun undanþáguákvæðis c-liðar 28.1. gr. vátryggingarskilmála V, þar sem fram kemur að vátrygging M tekur ekki til slyss sem rakið verður til þátttöku vátryggðs í handalögmálum. Um er að ræða undanþáguákvæði og ber V því að sýna fram á að slysið hafi orðið við þær aðstæður sem um er getið í ákvæðinu. Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins er að finna framburð M og vitnis sem lýsa nokkuð vel þeirri atburðarás sem átti sér stað í aðdraganda slyssins. Við þær aðstæður sem uppi voru í aðdraganda slyssins og að teknu tilliti til aðstæðna í dómi Hæstaréttar í máli nr. 529/2011 verður að leggja að jöfnu þá háttsemi að toga í hönd einhvers til að vísa honum út úr húsnæði og reyna að varna að skemmdir séu unnar á bifreið, með þeim hætti sem lýst er að M hafi gert í lögregluskýrslu. Verður því ekki unnt að líta svo á að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í skilningi undanþáguákvæðis c-liðar 28.1. gr. og á þar af leiðandi rétt til bóta úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.